

Norðurþing
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík, 25. febrúar 2021
Tilvísun: 201805001 / 3.4

Efni: Tillaga að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu fiskeldis við Núpsmýri, Öxarfirði, Norðurþing

Norðurþing hefur, með tölvupósti þann 26. janúar 2021, sent Skipulagsstofnun tillögu að deiliskipulagi fiskeldis við Núpsmýri, Öxarfirði, ásamt umhverfisskýrslu skv. 3. mgr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana. Tillaga að deiliskipulaginu ásamt umhverfisskýrslu var samþykkt til auglýsingar 19. janúar 2021.

Í tillögunni felst um 8,4 ha svæði fyrir fiskeldi. Á svæðinu hefur verið fiskeldi um áraskeið og eru byggingar á svæðinu um 5837 m². Innan svæðisins er einnig spennistöð RARIKS. Svæðið er skilgreint sem I3 í gildandi aðalskipulagi. Gert er ráð fyrir uppbyggingu vegna stækkunar eldisrýma, 5-8 nýjum kerum og seiðastöð. Nýtingarhlutfall svæðisins er 0,45.

Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, dags. 9. júní 2017, þar sem niðurstaða stofnunarinnar er að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og bendir á eftirfarandi:

Í greinargerð kemur fram að gert sé ráð fyrir vatnsöflun úr sjó, 1 km frá eldisstöð. Sýna þarf legu drenlagnar á uppdrætti auk þess sem æskilegt er að skipulagssvæðið nái yfir legu drenlagnar, sbr. gr. 5.3.1 í skipulagsreglugerð.

Gera þarf grein fyrir fyrirhugaðri stækkun eldisrýmis úr 22.000 í 42.000 m³ í samræmi við tilkynningargögn

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir
Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir

